

Í framboði til aðalstjórnar Regins hf. á aðalfundi félagsins 8. apríl 2014 eru:

Benedikt K. Kristjánsson

Aldur: 61.

Menntun: Meistarapróf í kjötið og námskeið í verkefna- og rekstrarstjórnun hjá Endurmenntun HÍ.
Aðalstarf: Sölu og þjónustufulltrúi hjá Búr ehf..

Starfsreynsla: Forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs Samkaupa hf. og þar á undan sem innkaupa- og rekstrarstjóri. Á árunum 1987 - 1999 starfaði Benedikt sem sjálfstætt starfandi kaupmaður.

Núverandi stjórnarseta: Reginn hf. frá desember 2012, varaformaður. Búr ehf., Endurvinnslan hf. og Vöruval Bolungarvík ehf.

Stjórnarseta sl. 5 ár: Kaupmannasamtök Íslands (formaður) og Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Hlutafjäreign: Engin.

Er stjórnarmaður í Lífeyrisjóði Verslunarmanna sem er eigandi að 14,95% hlut í Reginn hf.

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Aldur: 49.

Menntun: Viðskiptafræðingur Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands. Er í mastersnámi í viðskiptafræði áætluð lok áramót '14/'15.

Aðalstarf: Forstjóri Happraettis Háskóla Íslands.

Starfsreynsla: Landfestar fjármálastjóri frá 2008-2010, Kaupþing sérfræðingur á fjármálasviði frá 2007-2008, Debenhams framkvæmdarstjóri 2000-2006, Hagkaup fjármálastjóri frá 1996-2000, Hof eignarhaldsfélag aðalbókari frá 1994-1996 og KPMG endurskoðun og bókhald frá 1990-1993.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Formaður skólanefndar Verslunarskóla Íslands frá árinu 2006, er í varastjórn TM frá árinu 2011 og stjórnarmaður í Pfaff frá 2007-2012.

Hlutafjäreign: Engin

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Regins hf. sem og stóra hluthafa í félaginu eru engin.

Jón Steindór Valdimarsson

Aldur: 56 ára.

Menntun: Embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og Master of Project Management frá HR árið 2013.

Aðalstarf: Framkvæmdarstjóri Evris Foundation ses.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri hjá Samtökum iðnaðarins 2007-2010. áður aðstoðar-framkvæmdastjóri frá 1988. Vinnuálag samband samvinnufélaganna frá 1985-1988 og lögfræðingur hjá Vinnuálagnefnd ríkisins árið 1985.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Stjórnarformaður Evris Advice ehf, varamaður í stjórn Regins hf., stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands frá 2002-2013 og varamaður frá 2014, stjórnarformaður í Landsbréfum frá 2011-2013, Lánatryggingarsjóður kvenna frá 2011-2013, Geogreenhouse ehf. 2010-2013, Fjölbendir ehf. stjórnarformaður frá 2012-2013, Framtakssjóður Íslands varamaður stjórnar frá 2011-2012, N1 áheyrnarfulltrúi 2011-2012, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjórnarformaður frá 2000-2004, Tækniskólinn 2007-2010, Flugskólinn 2007-2010, Vinnudeilusjóður SA, 2007-2010, Réttarverndarsjóður SA, 2007-2010, Ráðgjafarnefnd EFTA 1992-1999 og 2004-2007, Ráðgjafarnefnd EES, 1994-1999, Nefnd um endurskoðun samkeppnislaga, 1998-1999, Nefnd um samkeppnisskilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja., 1995-1997 og Nefnd um endurskoðun orlofslaga, 1987.

Hlutfjáreign: Engin

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Regins hf. sem og stóra hluthafa í félaginu eru engin.

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir

Aldur: 37 ára.

Menntun: MBA frá Copenhagen Business School, Cand. Jur. frá Háskóla Íslands og Héraðsdómslögmaður.

Starf: Forstöðumaður á fyrirtækjasviði Arion banka hf.

Starfsreynsla: Forstöðumaður fyrir fjárfestingabankasvið Arion banka 2011-2013, Framkvæmdastjóri Skilanevndar & Slitastjórnar Sparisjóðabankans (maí 2009-des 2011) Senior Vice President, Straumur Fjárfestingabanki (jan 2008-maí 2009). Framkvæmdastjóri, Atlas Ejendomme a/s (sept 2004-jan 2008) Lögmaður, Lex ehf. lögmannsstofa (samhliða námi 2001-sept2004)

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Á sæti í eftirfarandi stjórnum Whistles Ltd., Emmessís ehf., Next ehf. og Áltak ehf.

Hlutfjáreign: Engin

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Regins hf. sem og stóra hluthafa í félaginu: Hefur verið starfsmaður hjá Arion banka síðan 2011 en hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 3. apríl 2014. Arionbanki á eignarhluti í samskeppnisaðilum Regins hf., Reitum hf. og Landfestum hf. Þá er Arion banki móðurfélag Stefnis hf. Stefnir hf. er rekstrarfélag sjóða sem eru eigendur að 13,33% hlut í Reginn hf.

Tómas Kristjánsson

Aldur: 48 ára.

Menntun: MBA frá Edinborgarháskóla 1997, Cand. Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1989 og löggiltur verðbréfamiðlari.

Starf: Rekstur og stjórnun eigin fjárfestingafélags Siglu ehf.

Starfsreynsla: Starfandi eigandi hjá Siglu ehf. og Klasa ehf. frá árinu 2007. Framkvæmdarstjóri áhættustýringar, fjárstýringar, fjármögnunar og reikningshalds hjá Fjárfestingarbanka Atvinnulífsins 1998- maí 2007, síðar Glitni. 1990-1998, yfirmaður lánaeftirlits Iðnlánasjóðs.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Núverandi stjórnarseta Sigla ehf., Klasi ehf., Klasi fasteignir ehf., ásamt stjórnarsetu í ýmsum tengdum félögum vegna fasteignapróunarverkefna, Sjóvá almennar tryggingar hf., Sena ehf., SF 1 slhf. Hefur verið í stórnem Eimskipafélags Íslands hf., Icelandair Group hf. (varamaður) og GAM Management hf.

Hlutfjáreign: Engin í dag. Þegar Reginn hefur lokið kaupum á Klasa fasteignum ehf., mun Sigla ehf., eiga 122.265.000 hluti í félaginu eða 8,56%. Tómas á 50% hlut í Siglu ehf.

Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Til varastjórnar bjóða sig fram:

Finnur Rey Stefánsson

Aldur: 44 ára.

Menntun: B.sc. í hagfræði 1992 frá Háskóla Íslands og MBA frá Virginia Tech 1994 og með löggildingu í verðbréfamiðlun.

Starf: Rekstur og stjórnun eigin fjárfestingafélags Siglu ehf.

Starfsreynsla: Sjóðsstjóri hjá Landsbréfum frá 1994-1997, sérfræðingur í áhættustýringu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins 1998-1999, framkvæmdarstjóri markaðsviðskipta Íslandsbanka-FBA (Glitnis banka) október 2000 til ágúst 2006 og framkvæmdarstjóri rekstrarsviðs Glitnis frá ágúst 2006 til maí 2007.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Í stjórn Siglu ehf., Klasa ehf., og Klasa fasteignum ehf., ásamt stjórnarsetu í ýmsum tengdum félögum um fasteignapróunarverkefni. Hefur verið í stjórnnum Icelandair hf., Latabæjar ehf. og Straums fjárfestingarbanka hf.

Hlutafjáreign: Engin í dag. Þegar Reginn hefur lokið kaupum á Klasa fasteignum ehf., mun Sigla ehf., eiga 122.265.000 hluti í félaginu eða 8,56%. Finnur á 50% hlut í Siglu ehf.

Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir

Aldur: 45 ára.

Menntun: B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Starf: Sjálfstæður ráðgjafi

Starfsreynsla: Landsbankinn 2010-2012 framkvæmdarstjóri Endurskipulagningar eigna og 2011-2012 framkvæmdarstjóri Bíla- og tækjafjármögnunar (B&T). Fjármálaráðuneytið 2009-2010, hagfræðingur í Greiningu Glitnis/Íslandsbanka 2006 - 2008, Seðlabanki Íslands, sérfræðingur á hagfræðisviði 1999 - 2005, Kennsla í Menntaskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands 2000 - 2002.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Reginn hf. varamaður frá apríl 2013, aðalmaður frá nóv. 2013. Hömlur fullnustufélag, dótturfélag Landsbankans frá 2010-2012.

Hlutafjáreign: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Regins hf. sem og stóra hluthafa í félaginu eru engin.